

Rannsóknar- og verkáætlun vegna meistararitgerðar (miðuð við 2000 til 3000 orð, eða 5-7 bls.)

Leiðbeiningar til meistaránema, samdar af Önnu-Lenu Østern prófessor við háskólann í Þrándheimi og gistikennara HÍ Menntavísindasviði. Kynning á málstofu 15. október 2014.

Með rannsóknaráætlun leggur þú drög að meistaraverkefninu. Hún liggur til grundvallar vinnu þinni við rannsóknina og ritun. Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram í rannsóknaráætlun:

1. Hvert er markmiðið með verkefninu?

Hér er sagt með einni setningu frá því sem þig langar til að gera.

Dæmi: Markmiðið með verkefninu er að *útskýra ..., skilja ..., gera grein fyrir ..., varpa ljósi á ..., þróa ...*.

Markmið vísar til þess hvað á að liggja fyrir þegar verkefni er lokið.

2. Gildi verkefnisins. Hver er þörfin fyrir verkefnið?

Hér lýsir þú í nokkrum setningum hvers vegna þetta verkefni varð fyrir valinu og þörf samfélagsins fyrir verkefnið. Hér getur þú sagt frá af hverju þú valdir þetta rannsóknarverkefni, áhuga þínum á verkefninu og þeirri þörf sem þú telur að sé fyrir hendi á að skrifa um efnið.

Dæmi:

Fáar (eða engar) rannsóknir liggja fyrir um efnið ...

Mikilvægt er að varpa kennslufræðilegu ljósi á viðfangsefnið ...

3. Fræðilegur / kenningarlegur og samfélagslegur bakgrunnur (athuga tengingu við aðferðafræðikafla)

Hugsaðu vel um heiti ritgerðarinnar. Oft getur heiti ritgerðar gefið höfundi greiningarramma, rannsóknarglæraugu sem koma að góðum notum við ritun.

Fyrri rannsóknir: Hvað hefur verið rannsakað í tengslum við efnið? Hér greinir þú frá fyrri rannsóknnum um efnið og dregur gjarnan fram ólík sjónarhorn fræðimanna. Einnig er rétt að draga fram þau atriði sem ekki hafa komið fram í rannsóknnum þeirra sem áður hafa ritað um efnið.

Skrifaðu stuttlega um meginniðurstöður fyrri rannsókna um efnið og til viðbótar lýsingu á hvernig þú hafðir hugsað þér að tengja verkefni þitt við rannsóknir og fræði og hvaða greiningarflokka þú hyggst þróa út frá fræðunum.

4. Markmið og tilgangur rannsóknarinnar - rannsóknarspurning

Hér veltir þú fyrir þér viðfangsefni rannsóknarinnar.

Settu fram eina rannsóknarspurningu. Það er ekki nauðsynlegt að gera grein fyrir markmiðum rannsóknar með rannsóknarspurningu en það er gagnlegt að setja fram slíka spurningu til þess að afmarka efnið.

Hér er mikilvægt að gera sér grein fyrir verkefninu í heild sinni, þ.e. kenningarlegu sjónarhorni og framkvæmd rannsóknar. Mikilvægt er að átta sig á því hvort markmiðin eru raunhæf. Er hægt að framkvæma rannsóknina á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir? Skilgreindu markmið þín út frá hvorutveggja fræðilegum og hagnýtum bakgrunni. Viðfangsefnið má t.a.m. afmarka með þremur undirspurningum, spurningum sem hægt er að svara með fyrirhugaðri rannsókn. Spurningar tengjast gagnasöfnun rannsakanda.

Dæmi: heimildavinna, að skoða fyrirliggjandi gögn, vettvangsathuganir, viðtöl, ritaðar heimildir, myndbönd, sjónræn gögn, spurningakannanir o.fl.

5. Aðferðafræði, rannsóknaraðferð og rannsóknarsnið

Hér staðsetur þú rannsóknina þína. Hvers eðlis er hún og innan hvaða kenningalega ramma fellur hún (eigindleg, megindleg, fyrirbærafræðileg ...)

Hér fjallar þú um þá aðferðafræði sem þú hefur valið og staðsetur þig innan hennar. Þú ræðir um hvernig þú ætlar að safna gögnum og vinna úr þeim. Er um að ræða starfendarannsókn, vettvangsrannsókn, narratívu eða beitir þú orðræðugreiningu ...?

Þú ræðir um rannsóknarsnið þitt og hvernig þú hyggst afla gagna fyrir rannsóknina (með spurningalistum, eigindlegum viðtölum, rýnihópum). Út frá rannsóknarspurningu ræðir þú um það hvernig þú undirbýrð rannsóknina (hvernig leggur þú t.a.m. grunn að viðtölum eða undirbýrð spurningalista?). Mikilvægt er að að huga að hinu félagslega samhengi, hvernig eru viðmælendur valdir og hvar eru viðtöl tekin?

Mikilvægt er að gera grein fyrir siðferðilegum álitamálum í rannsókninni og áreiðanleika.

Hvernig greinir þú rannsóknargögnin? Hvaða aðferð beitir þú, hvernig skilgreinir þú og flokkar niðurstöður.

6. Niðurstöður

Hvernig hefur þú hugsað þér að gera grein fyrir niðurstöðum?

7. Umræða

Í umræðukafla ritgerðar túlkar þú rannsóknarniðurstöður þínar og setur þær í samhengi við aðrar rannsóknir. Hvaða þýðingu hefur rannsókn þín? Gefa niðurstöðurnar nýja sýn á viðfangsefnið? Hver eru næstu skref? Kallar rannsóknin ef til vill á aðra rannsókn? Getur þú komið með ábendingar eða tillögur um starf eða stefnumótun á því sviði sem þú skrifar um. Þú gætir til dæmis sett niðurstöður þínar fram sem módel eða í mynd.

Hér mættu einnig koma vangaveltur um takmarkanir rannsóknarinnar og hvernig tekið verður á þeim.

8. Tímaáætlun

Gerðu tímaáætlun. Hvenær ætlar þú að vinna að einstökum þáttum rannsóknarinnar og hvenær skilar þú einstökum köflum ritgerðarinnar, hvenær eru endanleg skil hjá þér?

Skrifaðu að lokum nokkur lykilorð í tengslum við ritgerðina. Lykilorðin geta hjálpað við heimildaöflun.